



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu stjórnunar og umbóta
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
postur@fjr.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 14. maí 2021

Efni: Umsögn um almenna eigandastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins, mál nr. 103/2021

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) taka til umsagnar almenna eigandastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins. Markmiðið með eigandastefnunni er að öll félög í eigu ríkisins séu rekin á faglegan og gagnsæjan hátt þannig að almennt traust ríki um stjórn og starfsemi þeirra. Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við stefnuna.

Eigandastefna fyrir einstaka félög og einstaka atvinnugreinar

Samtökin fagna því að ríkið setji sér eigandastefnu. Sú eigandastefna sem nú er til umsagnar er sett til að uppfylla skilyrði 44. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og á að ná til allra félaga í eigu ríkisins. Í ljósi þess hversu ólík þau félög eru sem eru í eigu ríkisins telja samtökin óheppilegt að gerð sé ein stefna fyrir allar atvinnugreinar og telja að betur færi á stefnu sem tæki á ólíku eðli mismunandi greina. Það virðist þó ætlað að vera hluti af umræddri eigandastefnu að fjalla um einstök mál, einstaka geira og stærri félög með viðaukum við stefnuna, eins og tilgreint er á bls. 3 í stefnuskjalinu. Þeir viðaukar liggja nú ekki fyrir og telja samtökin eðlilegt að þeir hefðu verið lagðir fram samhliða umræddu skjali til umsagnar. Samtökin hvetja stjórnvöld til að setja þá viðauka í umsagnarferli með sambærilegum hætti og eigandastefnu.

Samkeppnisrekstur fyrirtækja í eigu ríkisins

Í kafla 2.1.2 segir að eigi ríkið eignarhluta í félögum, skuli eins og kostur er, miða að því að efla og styrkja samkeppni á viðeigandi markaði. Samtökin taka undir þetta markmið en gagnrýna þó að ekki sé fjallað um með nánari hætti hvernig eigi að framfylgja því. Mögulega má ætla að ákvæði g-lið greinar 5.5. sé ætlað að fylla í eyðurnar en þar sem segir að ákvarðanir sem teknar eru við rekstur félags skuli miða eins og kostur er að því að auka samkeppni og draga úr fákeppni í samfélaginu. Markmiðið er gott en að mati samtakanna óútfært og alveg ljóst að ganga þarf lengra svo tryggt sé að það sé haft að leiðarljósi við rekstur fyrirtækja í eigu ríkisins.



Staðan er einfaldlega sú að félög í eigu ríkisins stunda samkeppni við fyrirtæki á einkamarkaði. Getur sú staða, ein og sér, haft neikvæð áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði, sér í lagi þegar félög í eigu ríkisins hafa yfirburðastöðu og rekstur þess felur í sér aðgangshindrun á markað. Við slíkar aðstæður ber að meta hvort eðlilegt sé að gera breytingar á rekstri félagsins til að ná því markmiði sem ríkið hefur sett um styrkingu samkeppni á umræddum markaði. Samtökin telja því að til viðbótar við framangreint markmið beri í eigandastefnu þessari að gera grein fyrir því hvernig bregðast eigi við þegar samkeppni verður á milli fyrirtækja í eigu ríkisins og í einkaeigu og þegar í ljós kemur að rekstur ríkisins veikir samkeppni á markaði.

Samtökin sakna þess jafnframt að tryggt sé í eigandastefnu þessari að skilið sé með skýrum hætti á milli almannaþjónustu fjármagnaða af ríkinu og samkeppnisrekstrar þar sem tekna er aflað með sölu á vöru og þjónustu á markaði. Tilgreint er í d-lið greinar 5.4 að viðhafa þurfi skýr skil í reikningshaldi en telja samtökin að ganga eigi lengra og skilja samkeppnisrekstur að fullu frá með því að færa samkeppnisrekstur í dótturfélag. Er það til þess fallið að auka traust almennings og atvinnulífs á því að samkeppnisrekstur ríkisins sé ekki niðurgreiddur af almannafé.

Samtökin telja að leggja þurfi ríkari áherslu á samkeppnissjónarmið í eigandastefnu ríkisins til að tryggja með öruggum hætti samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja. Virk samkeppni í viðskiptum stuðlar að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og hámarkar velferð almennings. Samkeppni stuðlar þannig að lægri verðum, auknum gæðum, bættri þjónustu og nýsköpun. Samtökin leggja áherslu á að í eigandastefnu ríkisins komi fram skýr viðmið um það hvernig ríkið styðji við og eflir samkeppni.

Arðsemiskrafa ríkisins

Í stefnunni er tiltekið að tryggja skuli að þau félög sem ríkið á hluti í skili viðunandi arði til hluthafa, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna, áhættu og almannaþjónustuhlutverks þeirra. Er síðan tilgreint að arðsemismarkmið skuli byggjast á langtímasjónarmiðum en ekki skammvinnnum ávinningi. Samtökin telja umrædda stefnumörkun vera of almenna og það skorti stefnu hins opinbera um arðsemiskröfur í þeim félögum sem ríkið á eignarhluta í. Er mikilvægt að taka skýra afstöðu til þess hvernig arðsemiskrafa hins opinbera tryggi samkeppnishæfni fyrirtækja sem starfa á innlendum markaði og erlendis. Sé ekki gætt að því, sérstaklega í þeim tilvikum er gjaldtaka fyrirtækja í eigu ríkisins hefur veruleg áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja, er hætt við því að gengið sé of langt og krafa um arðsemi verði óhófleg, atvinnulífinu og almenningi til tjóns.

Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við ráðuneytið.

Virðingarfyllst,

Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur SI